

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að banna stöðu ökutækja við suður- og norðurkant aðkomugötu að Háaleitisbraut 66 og 70, þ.e. að Grensáskirkju, leikskólanum Austurborg og Austurveri.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
2. að afmarkað verði eitt almennt bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Grettisgötu 2a næst Klapparstíg.
Bílastæðið er merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 17. mars 2016.

Jón H.B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2016